

Mánudaginn 8. mars 1982.

Nr. 193/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Birgi Kristjánssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu með stefnu 14. ágúst 1981 að ósk ákærða, og er málinu einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds. Ágrip máls barst Hæstarétti 23. október 1981.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar á héraðsdómi að því er varðar sakfellingu samkvæmt ákæruskjölum 26. janúar og 3. júní 1981, þó svo, að horfið er frá tilvitnunum í ákæruskjali 3. júní 1981 til áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Ríkissaksóknari krefst þess, að refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að refsing samkvæmt héraðsdómi verði lækkuð.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfellt ákærða samkvæmt sakargögnum fyrir einstök ákæruefni. Atferli ákærða, sem ákæruskjal 3. júní 1981 tekur til, varðar hann refsingu samkvæmt þeim ákvæðum umferðarlaga nr. 40/1968, er í héraðsdómi greinir, og ber að dæma honum ökuleyfisviptingu samkvæmt 81. gr. sömu laga. Háttsemi ákærða, sem ákæruskjal 26. janúar 1981 lýtur að, varðar við 1. málsg. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem greinir í héraðsdómi.

Sakavottorð ákærða ber með sér, að hann hefur á árabílinu 1966 til 1981 sætt átta dómum, þar sem honum hefur verið dæmd óskilorðsbundin refsivist frá 3 til 20 mánaða,

samtals 68 mánuði, þ. á m. fyrir brot á 155., 244., 247. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði er því síbrotamaður. Refsingu hans ber að ákveða með vísan til 72., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem greinir í héraðsdómi. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi, en gæsluvarðhaldsvist, er ákærði sætti 2. til 5. nóvember 1980, komi refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga. Niðurstaða héraðsdóms um ökuleyfissviptingu er staðfest svo og ákvæði hans um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 5.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Birgir Kristjánsson, sæti 15 mánaða fangelsi, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 2. til 5. nóvember 1980 komi refsingu hans til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. júní 1981.

Ár 1981, föstudaginn 26. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni saksóðmara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 304/1981: Ákærvaldið gegn Birgi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 12. þ. m.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með tveimur ákærum, dagsettum 26. janúar og 3. júní 1981, á hendur ákærða, Birgi Kristjánssyni, Strandaseli 2, Reykjavík, fæddum 22. október 1944 í

Reykjavík. Í ákærunni frá 26. janúar er ákærða gefið að sök „að hafa haustið 1980 falsað og notað í bílaviðskiptum eftirgreind skjöl:

A. Sölutilkynningar og afsal:

1. Sölutilkynningu, dagsetta 9. september 1980, þar sem Jón Sigurðsson, Engjahjalla 13, Kópavogi, tilkynnir Bifreiðaeftirliti ríkisins sölu á bifreiðinni R 4071 til Guðrúnar H. Guðmundsdóttur, Strandaseli 2, Reykjavík. Ákærði falsaði nafnritanir beggja þessara aðila undir sölutilkynninguna og lét þannig umskrá bifreiðina, sem fékk þá skrásetningarmerkið R 70281.

2. Afsal, dagsett 30. október 1980, þar sem Guðrún H. Guðmundsdóttir, Strandaseli 2, Reykjavík, selur og afsalar Davíð Ólafssyni, Erluhrauni 3, Hafnarfirði, bifreiðinni R 70281. Ákærði falsaði nafnritun Guðrúnar H. Guðmundsdóttur undir afsalið og fékk kaupanda það í hendur.

3. Sölutilkynningu, dagsetta 30. október 1980, þar sem Guðrún H. Guðmundsdóttir tilkynnir lögreglustjóranum í Hafnarfirði sölu á bifreiðinni R 70281 til fyrrgreinds Davíðs Ólafssonar. Ákærði falsaði nafnritun Guðrúnar H. Guðmundsdóttur undir sölutilkynninguna og fékk kaupanda hana í hendur.

B. Vixlar:

Ákærða er ennfremur gefið að sök að hafa í sambandi við fyrrgreind bifreiðaviðskipti falsað nafn Guðrúnar H. Guðmundsdóttur, Strandaseli 2, Reykjavík, sem útgefanda og framseljanda 16 víxla, samtals að fjárhæð gkr. 4.875.000, sem ákærði samþykkti sjálfur til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, og notað til greiðslu á kaupverði bifreiðanna, svo sem hér greinir:

1. Einn víxil að fjárhæð gkr. 375.000 í gjalddaga 10. október 1980, sem ákærði afhenti Jóni Sigurðssyni, Engjahjalla 13, Kópavogi, til greiðslu á hluta kaupverðs bifreiðarinnar R 4071.

2. Fimmtán víxla, samtals að fjárhæð gkr. 4.500.000, sem ákærði afhenti Júlíusi Þór Júlíússyni, Hagamel 18, Reykjavík, til greiðslu á kaupverði bifreiðarinnar R 69862. Víxlarnir sundurliðast eftir fjárhæðum og gjalddögum þannig:

<i>Fjárhæð víxils:</i>	<i>Gjalddagi víxils:</i>
Gkr. 250.000.-	10. október 1980
— 500.000.-	10. nóvember 1980

Gkr. 250.000.-	10. nóvember 1980
— 500.000.-	10. desember 1980
— 250.000.-	10. desember 1980
— 250.000.-	10. janúar 1981
— 250.000.-	10. febrúar 1981
— 250.000.-	10. mars 1981
— 250.000.-	10. apríl 1981
— 250.000.-	10. maí 1981
— 250.000.-	10. júní 1981
— 250.000.-	10. júlí 1981
— 250.000.-	10. ágúst 1981
— 250.000.-	10. september 1981
— 500.000.-	10. október, án ártals.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

Í ákærinni frá 3. júní sl. er ákærða gefið að sök að hafa ekið laugardaginn 10. janúar 1981 „undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R 55466 frá Landspítalanum í Reykjavík áleiðis heim til sín, þar til akstri lauk með árekstri við bifreiðina R 68301 á Suðurlandsbraut við Reykjaveg.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ennfremur fyrir að aka miðvikudaginn 1. apríl 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R 70386 frá Laufásvegi 2 í Reykjavík áleiðis í Sundlaugarnar í Laugardal, en ákærði náði ekki að aka norður Bókhlöðustíg sökum bilunar í bifreiðinni, og rakst hún á umferðarmerki og bifreiðina R 70983.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.“

Af hálfu áæruvaldsins er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Ákæra, dagsett 26. janúar 1981.

A.

1. Frammi liggur í málinu sölutilkynning, dagsett 9. september 1980, sem notuð var í Bifreiðæftirliti ríkisins til að umskrá bifreiðina R 4071, og fékk hún þá skrásetningarnúmer R 70281. Á tilkynningunni er seljandi skráður Jón Sigurðsson, Engjahjalla 13, Kópavogi, en kaupandi Guðrún H. Guðmundsdóttir, Strandaseli 2, Reykjavík. Bæði halda þau því fram, að nafnritanir þeirra á tilkynninguna séu falsaðar. Ákærði hefur viðurkennt að hafa falsað nafnritun Guðrúnar H. Guðmundsdóttur, en hún var sambýliskona hans. Hins vegar neitar hann að hafa falsað nafnritun Jóns Sigurðssonar á tilkynninguna. Fyrir liggur í málinu önnur sölutilkynning frá Jóni Sigurðssyni vegna sömu bifreiðar, einnig dagsett 9. september 1980, en þar er kaupandi Steingrímur Steingrímsson, Ásvallagötu 49. Samkvæmt framburðum ákærða og Jóns var það upphaflega ætlunin, að Steingrímur keypti bifreiðina af Jóni með aðstoð ákærða, sem gerðist ábyrgðarmaður á víxlum, er gengu til kaupanna. Einnig gekk upp í kaupverðið bifreið, sem ákærði átti. Síðar ræddi ákærði við Jón um, að Steingrímur væri ekki borgunarmaður fyrir víxlunum, og varð þá úr, að pappírur var breytt og salan látn ganga til ákærða. Enn síðar mun hafa verið ákveðið, að Steingrímur yrði þrátt fyrir allt kaupandinn, og var þá gengið frá pappírur til samræmis við það, en fyrri pappírar eyðilagðir. Nokkru síðar gerist það, að samkomulag verður um það milli ákærða og Steingríms, að Steingrímur afsali bifreiðinni til ákærða, og liggur það afsal frammi. Ákærði heldur því fram, að hann hafi í framhaldi þessa farið með sölutilkynningu til Jóns Sigurðssonar til undirritunar í því skyni að umskrá bifreiðina á nafn Guðrúnar H. Guðmundsdóttur, en man ekki fyrir víst, hvort nafn hennar var þá komið á tilkynninguna. Jón neitar með öllu að hafa undirritað þessa tilkynningu.

Undirskrift Jóns Sigurðssonar á skjali því, sem hér er til umfjöllunar, líkist mjög rithönd Jóns, en hefur ekki verið athuguð af rithandarsérfræðingi.

Sannað er með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur greint sinn falsað nafnritun Guðrúnar H. Guðmundsdóttur á framangreinda sölutilkynningu. Hins vegar verður gegn eindreginni neitun hans ekki talin fram komin nægileg sönnun til að sakfella hann fyrir fölsun á nafni Jóns Sig-

urðssonar á tilkynninguna, og er hann sýknaður að því leyti af þessum ákærulið.

2. Frammi liggur í málinu afsal, dagsett 30. október 1980, þar sem Guðrún H. Guðmundsdóttir afsalar bifreiðinni R 70281 til Davíðs Ólafssonar. Guðrún hefur neitað að hafa undirritað afsal þetta, og ákærði hefur viðurkennt að hafa falsað nafn hennar og fengið kaupanda það í hendur. Telst atferli þetta sannað með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins.

3. Þá liggur fyrir sölutilkynning, dagsett sama dag, vegna sölu sömu bifreiðar með ofangreindum nöfnum. Guðrún neitar nafnritun sinni á tilkynninguna, en ákærði hefur viðurkennt að hafa falsað nafn hennar á hana og afhent kaupanda. Er atferli þetta sannað með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins.

B.

1. Frammi liggur í málinu víxill að fjárhæð gkr. 375.000, samþykktur til greiðslu af ákærða 10. október 1980, en útgefinn og ábakinn af Guðrúnu H. Guðmundsdóttur. Víxil þennan afhenti ákærði Jóni Sigurðssyni í sambandi við ofangreind viðskipti með bifreiðina R 4071. Guðrún neitar því að hafa ritað nafn sitt á víxilinn, og ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi falsað nafnritun hennar á hann. Telst þetta sannað með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins.

2. Í málinu hafa verið lagðir fram 15 víxlar, samtals að fjárhæð gkr. 4.500.000, þ. e. 3 að fjárhæð gkr. 500.000 hver og 12 að fjárhæð gkr. 250.000 hver. Víxlarnir eru samþykktir af ákærða til greiðslu mánaðarlega, 10. hvers mánaðar, og er fyrsti víxillinn samþykktur til greiðslu 10. október 1980, en hinn síðasti er reyndar án ártals, en mun hafa átt að greiðast 10. október 1981. Útgefandi og ábekingur allra víxlanna er Guðrún H. Guðmundsdóttir. Víxla þessa notaði ákærði til greiðslu á kaupverði bifreiðarinnar R 69862 til Júlíusar Þórs Júlíussonar.

Guðrún H. Guðmundsdóttir hefur neitað að hafa ritað nafn sitt á framangreinda víxla, og hefur ákærði játað að hafa falsað nafnritun hennar á þá. Telst það sannað með eigin játningu hans og öðrum gögnum málsins.

Atferli það, sem ákærði hefur verið fundinn sekur um hér að framan undir liðum A og B, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess skal getið, að ákærði seldi hinn 30. október 1980 bifreiðarnar R 70281 (áður R 4071) og R 69862 einum aðilja fyrir staðgreiðsluverð, gkr. 4 milljónir, en bifreiðarnar hafði hann keypt fyrir samtals gkr. 10.400.000, að mestu á víxlum. Rannsóknarlögregla ríkisins komst á snoðir um þessa sölu bifreiðanna 31. október og hóf þá rannsókn á þeim. Var unnt að láta viðskipti þessi ganga til baka, og fengu aðiljar þeir, sem selt höfðu ákærða bifreiðarnar, þær til baka og gerðu ekki kröfur um frekari bætur á hendur honum.

Ákæra, dagsett 3. júní 1981.

Hinn 10. janúar sl., kl. 1645, var lögregla kvödd til að sinna árekstri bifreiðanna R 55466 og R 68301 á Suðurlandsbraut við Reykjaveg. Ákærði ók bifreiðinni R 55466, og er lögreglumenn ræddu við hann, fengu þeir grun um, að hann væri undir áfengisáhrifum. Ákærði hafði verið við drykkju undanfarandi nótt fram á morgun, en taldi sig ekki finna til áfengisáhrifa við aksturinn. Alkóhólmagn í blóði hans reyndist við rannsókn 2.26‰.

Hinn 1. apríl sl. ók ákærði bifreiðinni R 70386 frá Laufásvegi 2 áleiðis í sundlaugarnar í Laugardal, en akstri lauk á Bókhöðustíg með því, að ákærði ók á umferðarmerki og aðra bifreið vegna bilunar í bifreiðinni. Hann hafði neytt áfengis fyrir aksturinn, en taldi sig ekki finna til áfengisáhrifa. Alkóhólmagn í blóði hans reyndist 2.28‰.

Ákærði var í bæði ofangreind skipti sviptur ökuréttindum. Hafði hann með dómi 19. desember 1978 verið sviptur ökuréttindum ævilangt frá 23. september 1978 að telja.

Með eigin framburði ákærða, niðurstöðum alkóhólrannsókna og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðum 10. janúar og 1. apríl sl. undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum. Ákærði er ekki saksóttur fyrir önnur brot. Varðar atferli ákærða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- | | | |
|------|------|--|
| 1961 | 1/2 | Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. og 48. gr. umferðarlaga. |
| 1962 | 7/12 | Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða. |
| 1963 | 7/2 | Dómur: 1.500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 7/2 1963, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. |

- 1963 28/6 Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 6/9 Dómur: Varðhald í 8 daga fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.
- 1965 14/4 Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1965 19/10 Dómur: 4.000 kr. sekt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 19/10 1965.
- 1966 7/10 Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga. (Rofið skilorð dóms 14/4 1965).
- 1966 21/11 Áminning fyrir brot á 2. gr. laga nr. 73/1952.
- 1968 14/11 Dómur: 20 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 24. maí 1968.
- 1969 3/2 Dómur: „Skyddstillsyn“ í 3 ár fyrir þjófnað.
- 1969 12/6 Dómur: 7 mán. fangelsi fyrir brot á 244. og 259. gr. hegningarlaga og umferðarlögum.
- 1971 10/6 Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.
- 1972 14/1 Dómur: 20 mán. fangelsi fyrir brot á 110., 155., 244., 248. og 259. gr. hegningarlaga.
- 1974 17/10 Dómur: 7 mán. fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1975 7/2 Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 155. og 248. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1975 7/10 Dómur: 15 mán. fangelsi fyrir brot á 155., 244., 247. og 248. gr. hegningarlaga (hegningarauki).
- 1975 10/11 Veitt ökuleyfi á ný.
- 1976 25/8 Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 25/8 1976.
- 1978 19/12 Dómur: 150.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 23/9 1978.
- 1978 20/2 Reynslulausn í 3 ár á eftirstöðvum refsingar, 146 dögum.
- 1979 10/12 Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga. (146 óafplánaðir fangelsisdagar skv. eldri dómum innifaldir).
- 1980 12/12 Sátt, 200.000 kr. sekt fyrir brot á 27. og 50. gr. umferðarlaga.

1980 22/12 Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 78. gr. alm. hegningarlaga að því er varðar brot þau, er ákæran frá 26. janúar 1981 tekur til svo og með hliðsjón af 72. og 77. gr. sömu laga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en frá skal dragast gæsluvarðhaldsvist ákærða 2.—5. nóvember 1980 með fullri dagatölu.

Rétt þykir eftir kröfu ákæruvaldsins og með hliðsjón af 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Að lokum verður ákærði dæmdur til að greiða allan kostnað af máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun og réttargæslubóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Kristjánsson, sæti fangelsi í 12 mánuði, en til frádráttar komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist hans 2.—5. nóvember 1980.

Ákærði er ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærði greiði allan kostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun og réttargæslubóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, kr. 3.500.00.

Mánudaginn 8. mars 1982.

Nr. 221/1980. Ákæruvaldið

gegn

Guðbergi Guðjónssyni.

Beiðni um endurupptöku dæmds máls synjað.

Endurrit úr gerðabók Hæstaréttar.

Lagt er fram bréf ríkissaksóknara, dags. 6. janúar 1982, og bréf Jóns Bjarman fangaprests til ríkissaksóknara, dags.